



TWITCH



Svipað og Youtube nema myndböndin eru í beinu streymi



Stór partur af Twitch er spjallið sem er í gangi á meðan streymið lifir - þar spjalla þeir saman sem eru að horfa á streymið





Streymendur (e. streamers) eru oftast fullorðin fólk og efnið oft eftir því



Hægt er að heita fjárhæðum á þá sem eru að streyma



Einkaspjöll og skilaboð eru einnig í boði á Twitch





Hlutfall notenda á aldrinum
10 - 13 ára á Íslandi

5%

Aldurstakmark



Hlutfall notenda á aldrinum
14 - 16 ára á Íslandi

17%

Twitch er gagnvirk streymisveita þar sem notendur geta horft á og streymt (e. stream) efni í beinni útsendingu ásamt því að eiga í samskiptum við aðra notendur. Á Twitch er helst verið að streyma tölvuleikjum en einnig skapandi efni á borð við tónlist.

3 staðreyndir um Twitch



Auðvelt að rekast á óviðeigandi efni

Þrátt fyrir að aldurstakmarkið á Twitch sé 13+ er mikið af efni á miðlinum ætlað eldri ungmennum eða fullorðnum, bæði hvað varðar orðfæri, hómor og umræðuefni. Börn geta því auðveldlega rekist á efni sem hæfir ekki aldri þeirra, sérstaklega í beinum útsendingum.



Hægt að eiga bein samskipti í rauntíma

Stór hluti af Twitch-upplifuninni er spjallið en þar er geta notendur átt bein samskipti við þann sem streymir og það í rauntíma. Samskiptin sem eiga sér stað í spjallinu geta verið mjög hröð og eftirlitið með þeim lítið, sérstaklega á minni rásum.



Gjafir og áskriftir geta falið í sér kostnað

Notendur geta gerst áskrifendur að ákveðnum rásum, keypt stafræna mynt og sent streymurum einskonar gjafir (e. gifts). Þetta getur leitt til óvænts kostnaðar ef ekki er farið sérstaklega yfir greiðslu- og reikningsstillingar.